



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS-HÁSKÓLABÓKASAFN	
Ábyrgð: L.S.	Fylgiskjal:
16 DES. 2009	
Skjalaflokkur: 40.2.6	
Málsnúmer: 200910-0102	

Samstarfssamningur

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Lbs-Hbs) og námsbraut í bókasafns- og upplýsingafræði, félags- og mannvísindadeild, Félagsvísindasviði Háskóla Íslands gera með sér eftirfarandi samkomulag um samstarf:

Markmið samstarfsins er að mynda tengsl milli háskólanáms í bókasafns- og upplýsingafræði og starfsemi Lbs-Hbs báðum aðilum til hagsbóta. Verkefni, sem unnin eru sem hluti af þessu samkomulagi, eru báðum aðilum að kostnaðarlausu nema námsbraut í bókasafns- og upplýsingafræði skal greiða fyrir leiðsögn rannsóknarverkefna, sem tekin eru til eininga og starfsmaður Lbs-Hbs hefur umsjón með.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er reiðubúið að sinna eftirfarandi:

- Taka á móti hópum nemenda í einnar til þriggja stunda heimsóknir þar sem starfsemi safnsins er kynnt. Slík heimsókn er hluti námsins.
- Taka nemendur í vettvangsnám í allt að eina viku í senn.
- Veita nauðsynlegar upplýsingar þeim nemendum sem óska eftir að vinna rannsóknarverkefni um starfsemina sem hluta af námi sínu í bókasafns- og upplýsingafræði.
- Sjá um viku námskeið um safnið sem kennt er annað hvert ár, BÓK409G og BÓK416F Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Hlutverk, starfsemi og þjónusta.

Ofantalin verkefni eru háð því að aðstæður í Lbs-Hbs leyfi á þeim tíma sem eftir er leitað.

Reykjavík 15. desember 2009

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður

Jóhanna Gunnlaugsdóttir prófessor,
formaður námsbrautar í bókasafns- og upplýsingafræði

Ólafur Þ. Harðarson prófessor,
forseti Félagsvísindasviðs